



Gasgildi - Loftmengun í nágrenni gosstöðva

Börnum, öldruðum, barnshafandi konum og þeim sem hafa undirliggjandi hjarta- og lungnasjúkdóma er ráðlagt frá því að fara á gosstöðvarnar ef einhver loftmengun er yfirvofandi. Einnig getur verið yfirborðsmengun í jarðvegi, snjó og yfirborðsvatni vegna þungmálma og uppsöfnunar flúors (F). Yfirborðsmengun er mest í næsta nágrenni við gosstöðina.

Nánari upplýsingar hér:

SO₂ – Brennisteinstvíoxíð (brennisteinsdíoxíð). Mjög eitruð lofttegund. Lyktar eins og skoteldar um áramót. Litlaus lofttegund en lykt byrjar að finnast við 0,3–1,4 ppm og er auðþekkjanleg við gildi 3 ppm og hærra. SO₂ myndar brennisteinsýru (H₂SO₃) við snertingu við raka (t.d. rigningu).

Mengunarmörk (ppm)	Heilsufarsáhrif vegna SO ₂	Viðbrögð
0–0,4	Engin einkenni eða væg erting í öndunarfærum/augum	
0,5	Útsetningarmörk 8 klst.	
1	Útsetningarmörk 15 mín.	Rýming almennings við 1 ppm Gasgríma frá 1 ppm–10 ppm Algjör rýming við 10 ppm
1–5	Heilbrigðir einstaklingar sýna öndunarfæraeinkenni við áreynslu eða djúpöndun.	
3–5	Lykt finnst afar vel, dregur úr starfsemi lungna í hvíld og aukið viðnám í öndunarvegi/öndunarerfiðleikar	
5	Mikil lykt, auknir öndunarerfiðleikar hjá heilbrigðu fólki.	
6	Mikil lykt. Ertning í augum, nefi og hálsi.	
10	Mikil lykt. Einkenni verða verri, öndunarerfiðleikar og ertning í augum, nefi og hálsi.	
10–15	Bannað að dvelja í mengun nema örstutta stund (mínútur).	
20+	Lömun eða skyndidauði nema dvalið sé örsamma stund (mínútur).	

H₂S - Brennisteinsvetni - Mjög eitruð lofttegund. Litlaus lofttegund. Lykt er svipuð og hveralykt eða úldin egg en örfáir finna ekki lyktina.

Mengunarmörk (ppm)	Heilsufarsáhrif vegna H ₂ S	Viðbrögð
0,008–0,2	Mikil lykt (úldin egg).	
5	Mikil lykt. Útsetningarmörk 8 klst.	
10	Mikil lykt. Útsetningarmörk 15 mín.	Rýming almenningi við 10 ppm Gasgríma frá 10–50 ppm Algjör rýming við 50 ppm
20	Lyktarskyn tapast. Þolist í stuttan tíma án skaða.	
20–50	Ertling í augum.	
50	Ertling í augum, berkjubólga við langvarandi útsetningu.	
60	Langvarandi útsetning veldur tárubólgu og verkjum í augum.	
150+	Ertling í efri öndunarvegum (100 ppm er max GasPro).	
250	Lungnabjúgur og hætta á skyndidauða.	

CO₂ - Koltvísýringur (koltvíoxíð). Lyktarlaus, litlaus og hættuleg lofttegund.

Mengunarmörk (%)	Heilsufarsáhrif vegna CO ₂ mengunar	Viðbrögð
0,5	Útsetningarmörk 8 klst.	
1	Útsetningarmörk 15 mín.	Rýming á hærra svæði Súrefni (O₂)
2–3	Mæði, andköf.	
5	Erfiðleikar við öndun, aukin svitamyndun, hraður púls.	
7,5	Höfuðverkur, sundl, eirðarleysi, mæði, aukin hjartsláttartíðni og hækkaður blóðþrýstingur, hraður púls, vöðvaslappleiki, sjóntruflanir.	
10	Andnauð, heyrnarskerðing, ógleði og uppköst, meðvitundarleysi innan 10–15 mín.	
15	Banvænn styrkur, skyndidauði yfirvofandi.	
30	Krampar og meðvitundarleysi eftir örfáa andardrætti, dauði.	

CO – Kolsýringur (kolmónoxíð). Lyktarlaus, litlaus og mjög hættuleg lofttegund.

Mengunarmörk (ppm)	Heilsufarsáhrif	Viðbrögð
25	Útsetningarmörk 8 klst.	
50	Hámark útsetningarmörk 15 mín.	
>100	Getur verið hættuleg heilsu manna.	Rýming á hærra svæði Súrefni (O₂)
>800	Sundl, skert meðvitund, vöðvaverkir.	
>1.600	Höfuðverkur, sundl, dauði innan 2 klst.	

O₂ - Súrefni.

Lágmark (%)	Heilsufarsáhrif	Viðbrögð
16–21	Engin áhrif.	
<16	Aukin hjartsláttartíðni, hröð öndun og skert athygli og minni.	Rýming Almennings við <20% O₂ Súrefni (O₂)
<14	Óeðlileg þreyta við áreynslu, andlegt ójafnvægi, samhæfing minnkar og dregur úr dómgreind.	
<12	Mjög léleg dómgreind og samhæfing, uppköst, öndunarerfiðleikar sem hafa áhrif á starfsemi hjartans.	
<10	Uppköst, hægar hreyfingar, e.t.v. meðvitundarleysi, vangeta við framkvæmd kraftmikilla hreyfinga eða algjör hreyfiskerðing.	
<6	Krampar, andnauð, hjartatstopp, krampakennd öndun, dauði á fáum mínútum.	
<4	Meðvitundarleysi eftir 1–2 andardrætti.	

Mikilvægt er að hafa í huga að þegar mengunarmörk eru miðuð við meðaltal yfir átta stunda vinnudag, má styrkur mengunar á hverju tímabili (hæst 15 mínútna tímabili) þó aldrei fara yfir sem svarar tvisvar sinnum þau mengunarmörk sem um ræðir.